

## Mál nr. 4

### UMFL gegn Þrótti N.

#### Kæra UMFL

#### Dómkröfur

B-riðill 5. fl.ka UMFL -2-Þróttur 4. Keppt 27.06.07. Eðlilegt að UMFL yrði dæmd 2 stig úr leiknum í B-riðili og alla vegna 1.

#### Málavextir

Markvörður í A-riðli, var notaður sem útileikmaður í B-riðli. Þjálfari Þróttar Reikó var aðvaraður af Magnúsi Helgasyni og Þorsteini Ægi þjálfara UMFL, sem vildi ekki taka drenginn út af sem spilaði allan leikinn.

#### Röksemdir

Spurning hvort leikar hefðu ekki farið öðruvísi.

#### Sönnunargögn

Fjölmargir áhorfendur voru á leiknum ásamt gjaldkera Þróttar Magnúsi Jóhannessyni sem var á leiknum og ætti að vita betur. Jón Viðar dómara var gert viðvart strax og sagði að þetta væri okkar mál en viðurkenndi að um sama aðila væri að ræða.

#### Vitni

Nafn: Magnús Helgason

Kennitala: 271258-3809

Heimilisfang: Fjarðarvegi 39 - Þórshöfn

Nafn: Þorsteinn Ægir Egilsson

Kennitala: 080684-2319

Heimilisfang: Fjarðarvegi 1 -Þórshöfn

#### Rökstuðningur

Þar sem UMFL er lítið félag og ekki stórt samfélag sem stendur að félaginu, er ekki líðandi að stórt samfélag með fjölmarga iðkendur að baki skuli ekki vita hvað er rétt og rangt.

Virðingarfyllst  
f.h. UMFL  
Magnús Helgason

#### Greinargerð Þróttar N.

Ég undirritaður er framkvæmdarstjóri Þróttar Neskaupstað og ástæðan fyrir þessu bréfi er sú að UMFL hefur kært okkur fyrir að nota ólöglegan leikmann í 5.flokki karla. Ástæðan fyrir því að við notuðum markmanninn okkar sem útileikmann í B liðinu var sú að aðalmarkmaðurinn okkar var í frí í Danmörku og komst þar með ekki í leikinn. Þessi "markmaður" sem við notuðum hefur leikið alla leiki B-liðsins í sumar sem útileikmaður. Fyrir leikinn á móti Hetti sem var fyrir í mánuðinum hringdi Árni Ólason sem er eftirlitsmaður á ykkar vegum til KSÍ og spurðist fyrir hvort að þetta mætti og fékk hann grænt ljós og Rajkó (þjálfarinn okkar í 5.flokki) notaði því markmanninn sem útileikmann. Við viðurkennum mistök okkar og ég tek það fram að ég fékk aldrei neinn póst varðandi það að þetta mætti ekki. Það virðist vera ljóst að við brutum reglur án þess að gera okkur grein fyrir því og vonumst við til þess að málið verði afgreitt með hliðsjón af því.

Í ljósi þessara mistaka er ekki óeðlilegt að UMFL verði dæmdur sigur í leiknum.

Með von um góð svör

Kveðja  
William Geir Þorsteinsson

**Úrskurður Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ**

Ár 2007, miðvikudaginn 22. ágúst, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Kolbeini Árnasyni, Halldóri V. Frímannssyni og Þresti Ríkharðssyni.

**Fyrir er tekið málið nr. 4/2007:**

UMFL  
gegn  
Þrótti Neskaupstað

Gögn málsins merkt nr. 1-2 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

**ÚRSKURÐUR:**

I.

**Kærandi:**

UMFL, kennitala: 570795-2609, Langanesvegi 15B, 680 Þórshöfn. Fyrirsvarsmaður Magnús Helgason, formaður UMFL.

**Kærði:**

Þróttur Neskaupstað, kennitala: 420369-5659, 740 Neskaupstað, Fyrirsvarsmaður William Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Þróttar Neskaupstaðar.

Kæran var móttækin af skrifstofu KSÍ 3. júlí sl. Kærða var gefinn kostur á skila greinargerð og barst greinargerð kærða dagsett þann 8. júní sl. Skrifstofu KSÍ.

**Kröfur:**

Kærandi krefst þess að úrslitum í leik UMFL og Þróttar Neskaupstað í Íslandsmóti B-liða fimmta flokks karla í knattspyrnu þann 27. júní 2007 verði breytt og UMFL verði úrskurðaður sigur í leik liðanna.

Kærði mótmælir ekki kröfu kæranda.

II.

**Málsatvik og ágreiningsefni:**

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik B-liða UMFL og Þróttar Neskaupstað í fimmta flokki karla í knattspyrnu þann 27. júní 2007 hafi einn leikmaður Þróttar Neskaupstað verið ólöglegur. Er í því sambandi vísað til þess að umræddur leikmaður hafi leikið sem hafi markmaður A-liðs Þróttar Neskaupstað en síðan sem útileikmaður B-liðsins, þrátt fyrir aðvaranir fyrirsvarsmanns og þjálfara UMFL.

III.

Í greinargerð kærða er fallist á lýsingu kæranda á málavöxtum. Jafnframt kemur fram að um hafi verið að ræða mistök af hálfu Þróttar Neskaupstað sem rekja megi til undanfarandi framkvæmdar og samskipta við skrifstofu KSÍ. Kemur fram í greinargerð kærða að vegna þessa sé kröfum kæranda ekki mótmælt.

IV.

**Niðurstaða:**

Í máli þessu er ekki ágreiningur um málsatvik en því er ómótmælt af hálfu kærða að umræddur leikmaður hafi leikið með A-liði Þróttar Neskaupstaðar gegn A-liði UMFL og jafnframt með B-liði Þróttar.

Með því, að sannað þykir að umræddur leikmaður hafi leikið bæði með A og B-liði þróttar Neskaupstað gegn UMFL verður, með vísan til greinar 40.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og greinar 12.1.1. í starfsreglum Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, fallist á kröfu kæranda.

Samkvæmt framanrituðu telst UMFL hafa unnið leikinn 3-0, vegna atvika er Þrótti Neskaupstað ekki gert að greiða sekt vegna hins kærða atviks.

V.

#### **Um Áfrýjun:**

Samkvæmt grein 14.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga-og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

VI.

#### **Úrskurðarorð:**

Þróttur Neskaupstað telst hafa tapað leik gegn UMFL í Íslandsmóti B-liða 5. flokks karla sem fram fór 27. júní 2007 með markatölunni 3-0.

---

Kolbeinn Árnason

---

Halldór V. Frímansson

---

Þróstur Ríkharðsson